

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2020
UST202001-242/A.G.E.
08.25.02

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Frummatsskýrsla - Viðhaldsdýpkun og efnislosun - Landeyjahöfn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Framkvæmdarlýsing

Um er að ræða aukna losun efnis í hafið vegna viðhaldsdýpkunar í Landeyjahöfn. Framkvæmdin felur annars vegar í sér viðhaldsdýpkun Landeyjarhafnar eins og þörf er á til að hægt sé að sigla um höfnina og hins vegar efnislosun í sjó. Viðhaldsdýpkun er talin nauðsynleg á svæðinu til að uppsöfnun hamli ekki umferð milli lands og Vestmannaeyja. Efnislosun á sér nú þegar stað suður af Landeyjahöfn nálægt tillögu að nýjum losunarsvæðum. Fyrirhugað losunarsvæði er um 3 km frá Landeyjahöfn, lítillega sunnar en núverandi losunarsvæði.

Valkostir

Skoðaðir eru þrír valkostir. Aðalvalkostur felur í sér stækken losunarsvæðis í 240 ha og mun svæðið taka við um 10 milljón m³ af dýpkunarefni. Annar valkostur felur í sér áframhaldandi losun á núverandi losunarsvæðum auk þess að bæta við fleiri losunarsvæði nálægt núverandi losunarsvæðum. Svæðin eru skilgreind sem losunarsvæði A-D en heildarstærð svæðanna er um 61 ha. Á núverandi efnulosunarsvæðum (A, B og D) hafa myndast efnishaugar og í valkosti tvö er ekki jafn líklegt að unnt verði að fyrirbyggja myndum efnishauga. Því þykir valkostur tvö síðri en aðalvalkostur. Þriðji valkostur er nállkostur og felur í sér að framkvæmd verði ekki gerð, en núverandi haugar eru farnir að fletjast út og hafa ekki undan efnislosun. Nállkostur felur í sér að viðhaldi Landeyjarhafnar yrði hætt og því þykir valkosturinn ekki raunhæfur.

Umhverfisáhrif

Eini umhverfisþátturinn sem er til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum er lífríki sjávar og fjöru. Rannsóknir á nýjum losunarstað sýna að botndýralíf er fábrotið og því hafi framkvæmdin óveruleg neikvæð áhrif á umhverfisþáttin fyrir alla valkosti.

Rannsókn á straumum á efnislosunarsvæðinu sýnir að töluluverð hreyfing er á kornum á losunarsvæðinu. Korn að stærð 1 mm eru á hreyfingu að minnsta kosti 20% af tímanum

og korn sem eru minni eru á tíðari hreyfingu. Því er ljóst að smærri korn koma til með að færast um og út fyrir svæðið í takt við ríkjandi hafstrauma.

Gögn

Í umsögn Umhverfisstofnunar við drög að matsáætlun var óskað eftir umfjöllun um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á vatnslagnir og sæstreng sem staðsettur er vestan losunarsvæðisins. Í frummatsskýrslunni er stutt umræða þar sem staðsetning lagna er rædd. Tölувort öldurót er á svæðinu og hreyfing á kornum mikil. Ríkjandi stefna hafstrauma er til vesturs í átt að lögnum og telur stofnunin þörf á frekari greinargerð á hugsanlegum áhrifum sem losunarefnini geti haft í för með sér. Þá telur stofnunin einnig að það þurfi að taka tillit til ríkjandi hafstrauma þegar efninu er dreift um losunarsvæðið til að forðast uppsöfnun á vestanverðu svæðinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar við drög að matsáætlun var einnig óskað eftir umfjöllun um hvernig fyrirhugað er að efni verður dreift yfir losunarsvæðinu. Í frummatsskýrslunni kemur fram að með því að stækka losunarsvæðið er hægt að dreifa losuninni yfir mun stærra svæði og þannig fyrirbyggja að haugar byggist upp, en að öðru leyti er ekki gerð grein fyrir fyrirhugaðri dreifingu efnis á losunarsvæðinu. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili þurfi að gera betur grein fyrir þessu og jafnframt hvernig fylgst verður með raunverulegri dreifingu og uppsöfnun efnis á losunarsvæðinu, s.s. með dýptarmælingum, til að koma í veg fyrir myndun hauga og tryggja sem jafnasta dreifingu innan þess.

Niðurstaða

Tillaga efnistöku og efnislosunar fara fram á svæði sem þegar hafa verið röskuð vegna sambærilegra framkvæmda. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Engin verndarsvæði eru í eða við framkvæmdarsvæði sem verða fyrir áhrifum sökum framkvæmdar.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrir veitingu leyfis til varps efna í hafið verður umsækjandi að skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis, sem aðgengilegt er á vefsíðu stofnunarinnar.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi



Aron Geir Eggertsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sverrir Áðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri